



ÁHERSLUR Í FJARNÁMI DJÚPAVOGSSKÓLA

HANDBÓK FYRIR KENNARA, NEMENDUR OG FORELDRA

SIGNÝ ÓSKARSDÓTTIR
DJÚPAVOGSSKÓLI

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Markmið Djúpavogsskóla í fjarkennslu/fjarnámi	2
Innihald náms.....	3
Hæfniviðmið.....	3
Lykilhæfni.....	3
Áhugasvið nemenda	3
Skipulag náms	3
Samskipti nemenda, kennara og foreldra.....	4
Yngra stig 1. – 5. bekkur.....	4
Eldra stig 6. – 10. bekkur.....	4
Stærð hópa í netspjalli	4
Einstaklings- para og hópavinna á eldra stigi	4
Ritstuldur og misnotkun á úrlausnum	4
Námsumhverfi.....	4
Stuðningur í námi	5
Námsmat.....	5
Félagslegi þátturinn	5
Lestur	5
Velferð og vellíðan.....	6

Inngangur

Fjarkennsla og fjarnám snýst ekki um að taka hefðbundna kennslu og setja hana á netið. Það þarf að hyggja að mörgu til að fjarkennsla og fjarnám gangi sem best.

Þessi handbók er ætluð kennurum, nemendum og foreldrum til að fá innsýn inn í skipulag fjarkennslu og fjarnáms í Djúpavogsskóla og styðja nemendur, kennara og foreldra á þeirri vegferð.

Markmið Djúpavogsskóla í fjarkennslu/fjarnámi

Við leggjum mikla áherslu á að tryggja gæði kennslunnar og námsins í skólanum og horfum til einkunnarorða skólans. Það þarf **hugrekki** til að takast á við nýjar aðstæður og gera sitt besta. **Virðing** er mikilvæg í samskiptum og ekki síður í gegnum spjall og vinnu á netinu en í skólastofunni sjálfri. **Samvinna** er og verður lykilþáttur í skólastarfinu. Nemendur, kennarar og foreldrar þurfa að vinna saman að því að gera fjarkennslu og fjarnám að jákvæðri upplifun fyrir alla.

Markmiðin næstu vikurnar:

- Við ætlum að vera virk og taka ábyrgð á okkar hlutverki.
- Við ætlum að leggja okkur fram við að læra að nota tæknina okkur til framdráttar.
- Við ætlum áfram að láta jákvæðni og gleði einkenna samskipti okkar.
- Við ætlum að huga að eigin heilsu og fara reglulega út og hreyfa okkur.



Innihald náms

Efnistöð í fjarnámi byggja á þeim hæfniviðmiðum sem sett eru í hverri grein. Við leitumst við að búa til þverfagleg og samþætt verkefni þar sem nemendur tileinka sér hæfni ólíkra greina í sama verkefninu. Það þýðir að nemandi er ekki endilega að vinna í mörgum bókum eða aðskildum verkefnum heldur að takst á við eitt eða fleiri stærri verkefni sem tengja nokkrar námsgreinar.

Hæfniviðmið

Í verkefnalýsingu telja kennarar upp þau hæfniviðmið úr greinanámsskrá og eða aðalnámsskrá sem unnið er með á hverju tímabili og það er sú hæfni sem metin er í lok verkefnis.

Lykilhæfni

Lykilhæfni skiptist í fimm þætti en hér skiptum við henni í sex þætti sem eru eftirfarandi:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði
- Samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

Kennarar flétta lykilhæfni inn í þverfaglegu verkefni því hér gefst einstakt tækifæri til að þjálfra nemendur í lykilhæfni aðalnámsskrár.

Áhugasvið nemenda

Við leggjum áherslu á að nemendur geti að einhverju leiti stýrt námi sínu sjálfir og unnið út frá áhugasviði.

Þetta birtist til dæmis í því að hægt er að velja úr nokkrum mismunandi verkefnum yfir vikuna. Einnig fá nemendur svigrúm í hvaða röð þeir vinna verkefni en skila þarf á réttum tíma.

List- og verkgreinar

Samþætting greina felur í sér að nemendur vinni eins og hægt er með viðmið úr list- og verkgreinum.

Íþróttir

Nemendur fá áætlun um hreyfingu frá íþróttakennara og halda dagbók.



Skipulag náms

Námið er skipulagt alfarið á netinu. Kennarar setja upp kennsluáætlanir og verkefnalýsingar með hæfniviðmiðum og námsmati.

Samskipti nemenda, kennara og foreldra

Yngra stig 1. – 5. bekkur

Samskiptin á yngra stigi eru aðallega við foreldra því kennsluáætlanir og verkefnalýsingar verða sendar foreldrum í tölvupósti en líka settar inn á Mentor.

Kennarar setja upp ákveðna spjalltíma á netinu til þess að heyra í nemendum og svara spurningum þeirra um námið. Þetta geta verið einstaklingssamtöl eða hópsamtöl.

Foreldrar geta alltaf óskað eftir samtali við kennara.

Eldra stig 6. – 10. bekkur

Kennarar setja upp ákveðna spjalltíma á netinu til þess að heyra í nemendum og svara spurningum þeirra um námið. Þetta geta verið einstaklingssamtöl eða hópsamtöl.

Einnig getur kennari sett upp umræðutíma sem geta verið hluti af námsmati.

Nemendur eru hvattir til þess að vera í góðum rafrænum samskiptum sín á milli.

Tölvupóstur verður líka notaður í samskiptum við nemendur og kennara.

Foreldrar geta alltaf óskað eftir samtali við kennara.

Stærð hópa í netspjalli

Reynslan sýnir að ákjósanleg stærð nemendahópa í sama netspjallinu við kennara er 5 nemendur.


Einstaklings- para og hópavinna á eldri stigi

Verkefni geta verið einstaklings- para- eða hópverkefni allt eftir eðli og umfangi. Mikilvægt er að lesa verkefnalýsingarnar vel og átta sig á þeim viðmiðum og námsmati sem eiga við.

Ritstuldur og misnotkun á úrlausnum

Ef nemandi verður uppvís að því að misnota úrlausnir annarra eða vinna ekki einstaklingsverkefni sjálfur verður verkefnið ekki tekið gilt.

Það sama á við um ritstuld, ef nemandi afritar texta sem hann hefur ekki sjálfur skrifað og skila í eigin nafni telst það ritstuldur og því mun verkefnið ekki tekið gilt.



Námsumhverfi

Námsumhverfi nemenda breytist úr því að vera kennslustofa yfir í það að vera heimilið, samfélagið, (að því gefnu að mögulegt samkomubann sé virt), náttúran og rafrænt umhverfi.

Nú hafa nemendur í 6. – 10. bekk fengið netfang og aðgang að Office 365. Kennarar munu nýta sér Teams til samskipta og Share point til þess að vinna með skjöl og gefa leiðsagnarmat inn í verkefni.

Það er mikilvægt að núna þegar við förum hratt inn í rafrænt námsumhverfi að gefa okkur svigrúm til að prufa ólíkar leiðir og það sem virkar fyrir hvert og eitt verkefni. Við verðum að gæta þess að láta ekki tæknina stjórna okkur heldur styðja við það sem við erum að gera.

Það þýðir að ef nemendur, kennari eða foreldri kemur auga á góða tæknilega lausn til að nýta, sem uppfyllir skilyrði persónuvernda, þá erum við opin fyrir því.

Hins vegar er mikilvægt að við náum tökum á þeirri leið sem við veljum að fara.

Stuðningur í námi

Umsjónarkennarar munu í samvinnu við foreldra og stoðteymi reyna eftir fremsta megni að halda áfram að vinna að þjálfun þeirra nemenda sem nú þegar eru með einstaklingsmiðaða námskrá eða annan stuðning.

Þeir nemendur sem þurfa að nota talgervil, hljóðbækur eða annan rafrænan stuðning í námi halda því áfram.

Námsmat

Námsmat er með hefðbundnum hætti, metin eru þau hæfniviðmið sem lögð eru til grundvallar í verkefnum.

Sum verkefni eru æfingar og ekki gefin sérstök einkunn eða umsögn fyrir. Kennarar setja þetta skýrt fram í verkefnalýsingum.

Félagslegi þátturinn

Við hvetjum til þess að við getum notað smá húnor í þessu ferli og gleymum ekki að rækta félagsveruna í okkur.

Lestur

Varðandi lestur þá hefur sjaldan verið meiri þörf fyrir mikilvægi foreldra og eldri systkina í lestrarþjálfun barna. Lesum á hverjum degi, í hljóði, upphátt og við hvetjum foreldra til að lesa fyrir börnin sín.

Þetta á við um allan aldur ekki bara yngstu nemendurna.



Velferð og vellíðan

Mikilvægt er að huga að eigin velferð og vellíðan í breyttu skólaumhverfi. Nemendur, starfsfólk og foreldrar eru margir hverjir að skipuleggja nám, kennslu og heimilislíf með öðrum hætti en flestir eiga að venjast.

Við leggjum því áherslu á að allir í skólasamfélaginu hugi að heilsueflandi þáttum í sinni daglegu rútnu.

Það er hin heilaga þrenna:

- Hreyfing
- Góður svefn
- Holl næring

Að lokum þá minnum við á að jákvæðar hugsanir og skapandi vinna kemur okkur langt. Það þarf þrautseigju til að komast á leiðarenda og saman komumst við alla leið.

